

Almennir skilmálar

Radisson BLU Hótel Saga – Almennir skilmálar:

Samkomulagsskilmálar þessir gilda sem samningur við bókun herbergja og þjónustu á Radisson BLU Hótel Sögu, sem framvegis verður nefnd RDBLU. Markmið okkar er að skýra samningsstöðuna svo við getum þjónað viðskiptavinum okkar sem allra best og tryggt að þeir séu fullkomlega ánægðir.

1. Gildistími samkomulags

Samkomulagið um bókun herbergja og/eða þjónustu tekur gildi frá og með þeim degi er undirritaður samningur hefur borist hótelinu. Fjöldi þátttakenda, fjöldi herbergja og verð hinna einstöku þjónustuþátta sem RDBLU leggur til skal koma fram í samningnum. Skipuleggjandi ber lagalega og fjárhagslega ábyrgð á bókuðum herbergjum og þjónustunni sem RDBLU lætur í té.

2. Verð

Allt verð sem samið er um er bindandi fyrir báða aðila. RDBLU áskilur sér þó rétt til að breyta einstökum verðliðum vegna kostnaðarhækkana birgja, skattahækkana eða annarra þátta sem ekki er á valdi hótelsins að ákveða. RDBLU áskilur sér rétt til að endurskoða verð svo sem við á komi til þess að afturkölluð sé bókun á meira en 20% pantaðra herbergja og/eða þjónustu.

3. Greiðsluskilmálar

RDBLU áskilur sér rétt til að krefjast allt að 100% fyrirframgreiðslu eða fullnægjandi bankatryggingar fyrir bókuð herbergi og/eða þjónustu. Standa skal skil á fyrirframgreiðslu eða leggja fram bankatryggingu eigi síðar en 14 dögum fyrir fyrsta komudag þátttakenda. Ef um er að ræða samkomulag um útgáfu reiknings skal gengið frá því við bókun. Ef reikningur er sendur skal hann greiddur innan 20 daga. Eftir það leggjast 2% dráttarvextir á mánuði ofan á fjárhæðina.

4. Nafnalisti / Fjöldi þátttakenda

Vegna herbergjabókanna skal RDBLU hafa borist nafnalisti í stafrófsröð, þar sem þátttakendum hefur verið skipað á herbergi, eigi síðar en 28 dögum fyrir fyrsta komudag.

Vegna ráðstefnu- og veitingaþjónustu skulu upplýsingar um nákvæman fjölda þátttakenda, ásamt einstökum atriðum varðandi matarþjónustu, hafa borist hótelinu eigi síðar en 4 dögum fyrir komu.

5. Aðgangur að gestaherbergjum / fundarsölum

Þátttakendur skulu hafa aðgang að gestaherbergjum sínum í fyrsta lagi kl. 14:00. RDBLU ábyrgist ekki að öll herbergi séu til reiðu fyrir þennan tíma. Bókun herbergja fellur úr gildi kl. 18:00 nema hæfileg trygging liggi fyrir vegna seinkunar.

Þátttakendur skulu hafa aðgang að veislu- og fundarsölum sínum í fyrsta lagi 30 mín. fyrir upphaf fundar.

6. Fjárhagsleg ábyrgð á þátttakendum

Skipuleggjandi er skylt að upplýsa hvern þátttakanda um hvern einstakan kostnaðarlið sem greiða á fyrir. Einnig skal hann gera öllum hlutaðeigandi þátttakendum grein fyrir að hverjum þátttakanda sé skylt að skrá sig út í hótelmóttökunni.


Skipuleggjandi er ábyrgur fyrir greiðslu einstakra ógreiddra reikninga RDBLU ef þátttakandi/þátttakendur fara án þess að skrá sig út og gera upp þá reikninga sem þeir kunna að eiga ógreidda. Skipuleggjandi er enn fremur ábyrgur vegna ógreiddrar kröfu fyrir veitta þjónustu sem ekki var kveðið á um í upphaflegum samningi.

7. Ábyrgð og tryggingar

RDBLU tekur ekki ábyrgð á verðmætum í eigu skipuleggjanda, né heldur verðmætum í eigu þriðja aðila.

Skipuleggjandi er ráðlagt að gera viðeigandi ráðstafanir, þ.e. að tryggja hverskyns verðmæti.

Skipuleggjandi verður kallaður til ábyrgðar ef skemmdir verða á búnaði og eignum hótelsins, hvort sem um óhapp eða ásetningsverk er að ræða.



Almennir skilmálar

RDBLU afsalar sér allri ábyrgð á persónulegum meiðslum, nema í þeim tilvikum þar sem þau verða rakin til stórfelldrar vanrækslu af hálfu hótelsins.

8. Afbókun herbergja og annarrar umsaminnar þjónustu

Tilkynna skal RDBLU skriflega um allar afbókanir og breytingar.

Heimilt er að afturkalla bókun herbergja í heild eða að hluta, án þess að krafist verði bótagreiðslu, samkvæmt eftirfarandi reglum:

Bókanir allt að 200 gistinóttum



- Fyrir afbókun sem að berst hótelinu skriflega eigi síðar en **sextíu (60) dögum** fyrir komu, þá eru engin afbókunargjöld og/eða kostnaður greiddur af viðskiptavini.
- Fyrir afbókun/eða losun herbergja sem berast hótelinu **fimmtíu og níu (59) dögum** fyrir komu og að **þrjátíu (30) dögum** fyrir komu, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **fimmtíu prósent (50%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.
- Fyrir afbókun og/eða losun herbergja sem berast hótelinu **tuttugu og níu (29) dögum** fyrir komu og að **fjórtán (14) dögum** fyrir komu, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **sjötíu og fimm prósent (75%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.
- Fyrir afbókun og/eða losun herbergja sem berast hótelinu **þrettán (13) dögum** fyrir komu og að komudegi, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **hundrað prósent (100%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.

Bókanir yfir 200 gistinóttum

- Fyrir afbókun sem að berst hótelinu skriflega eigi síðar en **níutíu (90) dögum** fyrir komu, þá eru engin afbókunargjöld og/eða kostnaður greiddur af viðskiptavini.
- Fyrir afbókun/eða losun herbergja sem berast hótelinu **áttatíu og níu (89) dögum** fyrir komu og að **sextíu (60) dögum** fyrir komu, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **fimmtíu prósent (50%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.
- Fyrir afbókun og/eða losun herbergja sem berast hótelinu **fimmtíu og níu (59) dögum** fyrir komu og að **þrjátíu (30) dögum** fyrir komu, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **sjötíu og fimm prósent (75%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.
- Fyrir afbókun og/eða losun herbergja sem berast hótelinu **tuttugu og níu (29) dögum** fyrir komu og að komudegi, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **hundrað prósent (100%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.

Heimilt er að afturkalla bókun veislu- og fundarsala í heild eða að hluta, án þess að krafist verði bótagreiðslu, samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Fyrir afbókun sem að berst hótelinu skriflega eigi síðar en **fjórtán (14) dögum** fyrir komu, þá eru engin afbókunargjöld og/eða kostnaður greiddur af viðskiptavini.
- Fyrir afbókun/eða losun herbergja sem berast hótelinu **þrettán (13) dögum** fyrir komu og að **átta (8) dögum** fyrir komu, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **fimmtíu prósent (50%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.
- Fyrir afbókun og/eða losun herbergja sem berast hótelinu **sjö (7) dögum** fyrir komu og að **fimm (5) dögum** fyrir komu, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **sjötíu og fimm prósent (75%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.
- Fyrir afbókun og/eða losun herbergja sem berast hótelinu **fjórum (4) dögum** fyrir komu og að komudegi, þá áskilur hótelið sér rétt til að rukka afbókunargjald sem að nemur **hundrað prósent (100%)** af heildar bókun viðskiptavinarins.



Almennir skilmálar

Ef hópur mætir ekki og engar afbókanir á umsömdum herbergjum/þjónustu hafa verið tilkynntar, svo sem kveðið er á um í samningi, skal hótelinu greitt að fullu fyrir þá þjónustu og/eða þau hótélherbergi sem áður höfðu verið bókuð.

9. Óviðráðanleg atvik

Ef einhverjir þeir atburðir verða sem RDBLU fær engu um ráðið, svo sem verkfall, eldsvoði o.s.frv., er RDBLU heimilt að fella bókun úr gildi án bótagreiðslna til skipuleggjanda.

10. Varnarþing

Skipuleggjandi og RDBLU samþykkja hér með að Reykjavík skuli vera varnarþing og að íslensk lög skuli gilda í öllum tilvikum ef ágreiningur rís milli þessara tveggja aðila vegna umsaminnar þjónustu.